

## Sumarskóli Rjúpnahæðar

19.júní 2020

Vinirnir, (3,10 ára) og (3,7 ára) eru iðnar við að heimsækja útikennslu- og uppgötvunarsvæðið í sumarskólanum. Á því svæði er lögð áhersla á vísindastarf, smíðar og vatnssull. Þær eru mjög duglegar að leika hlutverkaleiki og finnst skemmtilegast að fá að sulla með vatn á svæðinu. Þá ná þær sér í pensla, vatn í ílát og hefjast síðan handa við að mála kofana og annað í kring. Jafnframt eru þær mjög áhugasamar og finnst spennandi að fá að smíða, negla í spýtur og mála þær síðan. Þær hafa báðar ört ímyndunarafl og eiga auðvelt með að skapa eitthvað nýtt. Vinkonurnar eru mjög kátar, hláturmildar og lífsglaðar ungar stelpur. Mikil vinátta ríkir á milli þeirra og sér maður þær sjaldnast í sitt hvoru lagi.

